



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
B.t. bæjarráðs
Stilholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 1. júní 2017

1702004 SA/aó

Efni: Viðauki nr. 1 að viðbættum launaviðauka við fjárhagsáætlun 2017

Í fylgiskjöllum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr. 1 að viðbættum launaviðauka við fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Tillögurnar byggja m.a. á samþykktum bæjarstjórnar og bæjarráðs á tímabilinu 1. janúar til og með 23. maí 2017, auk þess sem gerð tillaga að hækkun á ábyrgðagjaldi frá OR að upphæð kr. 9.927.000.

Einnig eru settar fram tillögur sviðsstjóra og forstöðumanna um tilfærslur á milli deilda og innan deilda.

Jafnframt hefur verið keyrður launaviðauki, þar sem kjarasamningsbundnar hækkanir vegna kennara í grunnskólum og tónlistarskóla, stjórnenda í leik-, grunn- og tónlistarskólum að upphæð 91,428 m.kr. hafa verið færðar inn í launaáætlun. Þeirri tölu var mætt með 82,758 m.kr. færslu úr óráðstöfuðu í launaáætlun (málaf. 04 og 02) og hækkun á áætlaðri arðgreiðslu frá Faxaflóahöfnun um 8,670 m.kr eða samtals 91,428 m.kr.

Tillögurnar leiða af sér óbreytta rekstrarafkoma A og B – hluta.

Gerðar eru tillögur um hækkun fjárfestinga um 162 m.kr. sem er mætt með lækkun á handbæru fé um 162 m.kr. og lækkar handbært fé A – hluta úr 416.045 þús/kr. í 254.045 þús/kr.



Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til hækkunar:

- Hækkun á launalið barnaverndar v/stöðugildis og bakvakta um 11,1 m.kr.
- Landakaup á Breið um 3,6 m.kr.
- Hækkun á hlut Akraneskaupstaðar í uppgreiðslu vegna samnings við fjármálaráðuneytið vegna lífeyrisskuldbindingar Höfða um kr. 16,327 m.kr.
- Hækkun á fjárfestingu v/frístundhúss við Golfvöll kr. 116 m.kr.
- Hækkun á fjárfesingu v/Guðlaugar (60 m.kr. – 35 m.kr) eða nettó 25 m.kr.
- Hækkun á fjárfestingu v/sundlaugar 15 m.kr.
- Hækkun á fjárfestingu v/bátaskýlis Byggðasafni (21 m.kr. – 5 m.kr) nettó 16,0 m.kr.
- Hækkun á launum vegna kjarasamninga 91,428 m.kr.

Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til lækkunar:

- Áætlaður gjaldfærður framkvæmdakostnaður v/sundlaugar lækkaður um 5,0 m.kr.
- Áætlaðar tekjur af eigin vinnu í Byggðasafni hækkaðar um 10,0 m.kr.
- Áætlaðar tekjur af eigin vinnu á Breiðarsvæði hækkaðar um 5,0 m.kr.
- Áætlaðar tekjur af ábyrgðargjaldi hækkaðar um 9,927 m.kr.
- Lækkun á fjárfestingu v/Sementsreits 25 m.kr.
- Lækkun á óráðstafaðri launaáætlun vegna kjarasamninga 82,758 m.kr.
- Áætlaðar tekjur af arðgreiðslu Faxaflóahafna hækkaðar um 8,670 m.kr.



Steinar Adolffsson
sviðsstjóri